

Hafnarfirði, 19. september 2022

Kæru nemendur og foreldrar/forráðamenn

Skólalald heldur áfram og er margt á döfinni á næstu vikum. Verið er að endurvekja **Flensborgarhlaupið**, styrktarhlaup skólans, eftir þriggja ára hlé. Í ár er hugmyndin að styrkja verkefnið **Ungt fólk og sorgin** á vegum Sorgarmiðstöðvarinnar á St. Jósefsspítala. Hægt er að **hlaupa 5km og 10 km** og taka þannig þátt í keppninni um titilinn **Framhaldsskólameistarinn**, en einnig er hægt að taka þátt í **léttu 3km skemmtiskokki eða göngu** meðfram strandlengjunni í Hafnarfirði. Nemendur geta tekið þátt í skemmtiskokkinu þeim að kostnaðarlausu, það eina sem þarf að gera er að **skrá sig á [www.hlaup.is](http://www.hlaup.is)** og nota afsláttarkóðann: **FLE3KM-FRITT**. Endilega komið og takið þátt, höfum gaman og þannig styrkjum við saman afar þarft málefni.

Framundan er svo **nýnemaballið**, fyrsti dansleikur vetrarins, en það fer fram í íþróttahúsinu við Strandgötu **fimmtudaginn 22. september**. Miðasala hefst í hádeginu í dag og fer hún fram á netinu. **Húsið opnar kl. 22:00 og lokar kl. 01:00**. Fjöldinn allur af helstu skemmtikröftum landsins mun stíga á stökk í íþróttahúsinu og verður án vafa mikið fjör. Við minnum á alla góðu síði á Flensborgarskólaböllum og að **ölvun ógildir miðann**. Þá er vert að geta þess að framundan er **140 ára afmæli skólans**. Formleg afmælis dagskrá fer fram í hátíðarsal skólans í **hádeginu fimmtudaginn 29. september** en eftir hádegi verður **skólinn opinn gestum og gangandi** og eru allir foreldrar/forráðamenn boðnir hjartanlega velkomnir. Við sendum út ítarlegri dagskrá þegar nær dregur.

Síðast en ekki síst - Ég vil nota tækifærið og hvetja til **góðrar umgengni í stofum og matsal skólans**. Við erum grænn skóli og í því felst meðal annars að bera virðingu fyrir umhverfi okkar, ganga vel um og koma rusli í réttar flokkunartunnur.

Hjálpumst öll að við að halda skólanum okkar snyrtilegum!

Með bestu kveðju,

Erla

---

Erla S. Ragnarsdóttir  
Skólameistari Flensborgarskóla  
Principal at Flensborgarskólinn, Upper Secondary School in Iceland  
[www.flensborg.is](http://www.flensborg.is)  
S: +354 565 0400/694 7594



